



Framkvæmda- fréttir

8. tbl. / 13



Vinna við brekkun á þversniði fyllingar við Borgarfjarðarbrú og uppsetningu steypra vegriða er nú langt komin. Varin göngu- og hjólaleið er nú á vestari kanti fyllingarinnar. Það er hinsvegar ókostur að ekki er afmörkuð göngu- og hjólaleið á sjálfri brúnni og á því vandamáli þarf að finna lausn. Borgarnes í baksýn.

Auglýsingar útboða

Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð 13-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu og flutning á niðurrekstrarstaurum undir brú á Mjóafjörð á Vestfjarðavegi.

Helstu magnþölur eru:

Framleiðsla niðurrekstrarstaura 1.628 m
Flutningur niðurrekstrarstaura 297 tonn
Áætluð verklok eru fyrir lok júlí 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. maí 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. maí 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, blettanir með klæðingu 13-016

Tilboð opnuð 30. apríl 2013. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Vestursvæði á árinu 2013.

Helstu magnþölur:

Blettun (k1) útlögn á Suðursvæði 100.000 m²
Blettun (k1) útlögn á Vestursvæði 200.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2013.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	73.418.000	100,0	5.518
2	Blettur ehf., Mosfellsbæ	71.693.000	97,7	3.793
1	Geotækni ehf., Selfossi	67.900.000	92,5	0

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 8. tbl. 21. árg. nr. 605 13. maí 2013

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbodsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Vatnsnesvegur (711),
Hvammstangi – Ytri Kárastaðir
Sjá útboðsauglýsingu

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Vatnsnesvegur (711) norðan Hvammstanga. Mörk útboðssvæðis. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.

Auglýsingar útboða

**Vatnsnesvegur (711),
Hvammstangi – Ytri Kárastaðir** 13-002

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu Vatnsnesvegur frá Hvammstanga að Ytri Kárastöðum, lengd 4,62 km. Innifalið í verkinu er gerð bæjarhlíðs með tilheyrandi eyjum og uppsetning vegriðs.

Helstu magntölur eru:

Fylling	4.340 m ³
Fláafleygar	7.300 m ³
Styrktarlag 0/63	3.700 m ³
Burðarlag 0/22	5.200 m ³
Klæðing	31.100 m ²
Ræsalögn	139 m
Rásarbotn og fláar	40.700 m ²
Vegrið	173 m
Eyjar með steinlögðu yfirborði	25 m ²

Útlögn klæðingar skal að fullu lokið fyrir 1. september 2013 og verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2013.

Útboðsgögnin eru seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. maí 2013. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. maí 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Staðarbraut (854),

Aðaldalsvegur - Laxá 13-004

Tilboð opnuð 30. apríl 2013. Endurbýgging Staðarbrautar í Aðaldal á tveimur köflum, frá Aðaldalsvegi að Hellulandi, lengd 2,26 km annarsvegar og frá Múla að Laxá hjá Brúum, lengd 2,19 km hinsvegar.

Helstu magntölur eru:

Fylling	17.550 m ³
Fláafleygar	9.470 m ³
Styrktarlag 0/63	10.030 m ³
Burðarlag 0/22	4.130 m ³
Klæðing	32.200 m ²
Ræsalögn	74 m
Rásarbotn og fláar	56.300 m ²
Auka efnisvinnsla 4/16	1.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2013.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	G. Hjálmarsson ehf., Akureyri	113.700.000	122,3	31.296
5	Hálsafell ehf., Reykjavík	110.092.990	118,5	27.689
4	istrukkur ehf. og Jón Ingi ehf., Kópavogi	94.481.340	101,7	12.078
3	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	92.952.500	100,0	10.549
---	Áætlaður verktakakostnaður	92.936.000	100,0	10.532
2	Höfðavélar ehf., Húsavík	86.803.600	93,4	4.400
1	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	82.403.800	88,7	0

Auglýsingar útboða

Endurbætur á Hringvegi (1),

Fornihvammur - Heiðarsporður 13-014

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í breikkun og endurbætur á Hringvegi (1) milli Fornahvamms og Heiðarsporðs, alls um 6,37 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	5.200 m ³
Þar af bergskeringar	500 m ³
Fláafleygar	15.800 m ³
Fylling	17.400 m ³
Ræsi	243 m
Neðra burðarlag	9.600 m ³
Efra burðarlag	3.900 m ³
Tvöföld klæðing	17.200 m ²
Frágangur fláa, jöfnun svæða	102.000 m ²
Rofvarnir	2.000 m ³

Skila skal vegi með grófjöfnuðu neðra burðarlagi, fyllingum, grófjöfnuðum fláum og öllum ræsnum eigi síðar en 1. nóvember 2013 og öllu verkinu fyrir 5. júlí 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. maí 2013. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. maí 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vesturbrún Vaðlaheiðar, 12 m skafl. 23. maí 1951. Takið eftir mönnum sem standa uppi í skaflinum. Myndasafn Jóns J. Víðis.



Það er eðlilegt að fólk kvarti yfir snjó á Norðurlandi nú þegar komið er langt fram í maí. En þetta hefur gerst áður. Myndin er tekin á Laugalandsvogi (nú Eyjafjarðarbraut eystri) sunnan Þórustaða 28. apríl 1951. Myndasafn Jóns J. Víðis.



Brú yfir Hornafjarðarfjót í byggingu 1961. Á efri myndinni má sjá tvo fallhamra sem notaðir voru til að reka niður tréstauro. Á neðri myndinni má sjá að verið er að steypa sökkul. Sagað hefur verið ofan af staurinum í sökklinum og liggja topparnir til hliðar. Hjólbörurnar er talsvert stærri en þær sem allmennt voru notaðar í brúarvinnu.



Námskeið í merkingu vinnusvæða hjá Opna háskólanum í HR, 6. og 7. júní

Merking vinnusvæða er 16 klst. námskeið fyrir verkkaupa, hönnuði og eftirlitsmenn sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja.

Árið 2009 kom út reglugerð nr. 492/2009 með stöð í umferðarlögum um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við vegi. Þar var m.a. kveðið á um að Vegagerðinni væri falið að skrifa nánari reglur um útfærslu og framkvæmd vinnusvæðamerkinga. Í reglunum eru strangar kröfur um þekkingu og réttindi þeirra sem koma að þessum málum. Þar kemur fram að allir sem koma að þessum málum frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg og þeir verktakar, hönnuðir og eftirlitsmenn sem tengjast verkefnum á þeirra vegum þurfa að hafa sótt námskeiðið „Merking vinnusvæða“ og lokið prófi eins og gerðar eru kröfur um í umræddum reglum.

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir eftirfarandi efnisþætti:

1. Lög og reglugerðir, flokkun veg- og gatna, umferðarmerki, flokkun og tegundir, umferðarstjórn.
2. Vinnusvæðið, umgengisreglur, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit.
3. Rammareglur um merkingar vinnusvæðis/framkvæmdasvæðis.
4. Varnar- og merkingarbúnaður, ljósabúnaður, merkjavagnar, vinnutæki og öryggisbúnaður.
5. Lagnavinna o.fl., leyfis skyldar framkvæmdir á vegsvæðum.
6. Vinnustaðamerkingar á tveggja til sex akreina vegum og við staðbundna/hreyfanlega vinnu.
7. Magntaka, kostnaðaráætlanir, gæðaúttektir og féviti.

Í lok námskeiðs þreyta þátttakendur próf til réttinda.

Markmið:

Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum hönnun og útfærslu á merkingu fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda, þannig að merkingar þessar séu samræmdar, bæði gagnvart starfsmönnum á vinnustað og vegfarendum.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er ætlað þeim verkkaupum, hönnuðum, verktökum og eftirlitsmönnum sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja svo og öðrum þeim stofnunum og fyrirtækjum sem vinna að framkvæmdum á eða við vegsvæði.

Leiðbeinendur:

Leiðbeinendur námskeiðsins eru Björn Ólafsson og Ingvi Árnason stjórnendur hjá Vegagerðinni og stundakennarar við tækni- og verkfræðideild HR. Jóhann Christiansen kennir einnig 2 klukkustundir á námskeiðinu.

Kennslufyrirkomulag:

Staður: Námskeiðið verður haldið í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

Stund: Kennsla fer fram fimmtudaginn 6. júní og föstudaginn 7. júní 2013 milli kl. 8:30 og 16:30.

Lengd: Námskeiðið er samtals 16 klukkustundir (2x8 klst).

Verð: 75.000,- kr. (Innifalið í námskeiðsgjaldi er morgunkaffi, hádegisverður og síðdegiskaffi báða dagana)

Nánari upplýsingar veitir:

Hrafnhildur Sigurðardóttir
verkefnastjóri hjá Opna háskólanum í HR
Sími: 599 6358
Tölvupóstur: hrafnhildursig@hr.is

Skráning fer fram í gegnum heimasíðu námskeiðsins:
<http://www.ru.is/oh/simenntun/merking-vinnusvæða>



OPNA HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
13-030 Sementsfestun og yfirlögn á Djúpvegi (61), 2013	2013
13-026 Hróarstunguvegur (925), Hringvegur - Litli-Bakki	2013
13-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði	2013
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013
13-005 Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Núpur	2013
12-056 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013
13-003 Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Örylgsstaðir	2013
13-006 Melasveitarvegur (505), Hringvegur - Bakki	2013
12-052 Hringvegur (1) um Múlakvísl, varnargarðar	2013
12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði	2013
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
13-014 Endurbætur á Hringvegi (1), Fornihvammur - Heiðarsporður	13.05.13 28.05.13
13-023 Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð	13.05.13 28.05.13
13-002 Vatnsnesvegur (711), Hvammstangi - Ytri Kárastaðir	13.05.13 28.05.13
12-053 Hringvegur (1) um Múlakvísl, brúargerð og vegagerð	29.04.13 28.05.13
13-027 Festun og yfirlögn á Pverárfjallsvegi 2013	29.04.13 14.05.13
13-021 Norðfjarðargöng, eftirlit	15.04.13 28.05.13

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
13-016 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, blettanir með klæðingu	15.04.13	30.04.13
13-004 Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur - Laxá	15.04.13	30.04.13
13-024 Biskupstungnabraut (35), styrking ofan Brúarár	08.04.13	23.04.13
13-012 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, malbik	08.04.13	23.04.13
13-008 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, klæðing	08.04.13	23.04.13
13-013 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, repave-fræsing og malbik	08.04.13	23.04.13
12-045 Norðfjarðargöng	24.09.12	16.04.13
13-020 Norðfjarðarvegur (92), brú á Norðfjarðará	25.03.13	16.04.13
13-022 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hvaleyrarholt	25.03.13	16.04.13
13-011 Yfirlagnir á Austursvæði 2013, klæðing	25.03.13	09.04.13
13-018 Yfirborðsmerkingar á Suðursvæði 2013-2014, sprautuplast og mössun	25.03.13	09.04.13
13-009 Yfirlagnir á Vestursvæði 2013, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	08.04.13	23.04.13
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútboð	11.03.13	03.04.13
12-055 Fáskrúðsfjarðargöng endurbætur á rafkerfi 2013	17.12.12	22.01.13
12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07.08.12	18.09.12
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
13-010 Yfirlagnir á Norðursvæði 2013, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	09.04.13	06.05.13
13-017 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2013-2014 <i>Vegmálun ehf., kt. 630497-2649</i>	19.03.13	19.04.13

Ný brú á Haffjarðará á Snæfellsnesvegi sem lokið var við á síðasta ári. Kolbeinsstaðafjall í baksýn.

